

<b>SÁRAUMBÚÐIR - UMHVERFISSKILYRÐI</b>	Dags.	01.11.2021
	Útgáfa	2.0

---

## VIÐFANGSEFNI OG GILDISSVIÐ

---

Umhverfisskilyrðin birtust fyrst á [vinn.is](http://vinn.is).

Viðmiðin í þessu skjali eru þróuð eftir viðmikið samráð við margvíslegra hagsmunahópa á Norðurlöndunum.

**Viðmiðin taka til og fjalla um eftirfarandi vöruflokka:**


- Svampar og grisjubófar úr ofnum eða óofnum grisjum
- Ógegndreyptar, rakadrægar sáraumbúðir
- Festihlutir
- Pípulaga grisjur
- Límbönd
- Seymi-límbönd
- Límfefni
- Sáraumbúðir
- Límfilmur
- Pólýúretan filmur
- Sáraumbúðir með örverueyðandi íblöndunarefnum sem notuð eru við mjög alvarlegum brunasárum.

Grunn- og ítarviðmiðin samanstanda af lágmarksskilyrðum og matsviðmiðum:

**Lágmarksskilyrði;** eru ófrávíkjanleg skilyrði sem boðin vara eða þjónusta skal uppfylla til að tilboð verði tekið til nánari skoðunar.

**Matsviðmið;** má nota ef útboðsaðili vill veita tilboði aukastig sem stendur sig betur en lágmarksskilyrðin segja til um varðandi umhverfis- og gæðapætti. Í stigamatsgjöf geta matsviðmið fyrir umhverfisþætti vegið 10 til 15% af heildareinkunn.

**HELSTU UMHVERFISÁHRIF**

Helstu umhverfisáhrif	Nálgun
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þol gegn sýklalyfjum</li> <li>• Hættuleg innihaldsefni</li> <li>• Umbúðir</li> </ul>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Velja vöru án íblöndunarefna</li> <li>• Velja vöru án hættulegra innihaldsefna</li> <li>• Velja óbleiktar vörur án pólývínýlklóríðs (PVC)</li> </ul>

**1 SÁRAUMBÚÐIR**
**GRUNNVÍÐMIÐ**
**LÁGMARKSSKILYRÐI**
**1. Sýklalyf**

Varan skal ekki innihalda íblöndunarefni með sýklalyfjum (með íblöndunarefnum er átt við efni sem er vísitandi bætt í vöruna).

**2. Örverueyðandi íblöndunarefni**

Varan skal ekki innihalda viðbætt tríklósan (CAS nr. 3380-34-5).

**3. Silfur**

Varan skal ekki innihalda viðbætt silfur, hvorki í formi málms né efnablöndu.

**Athugasemdir:** Þetta skilyrði á ekki við í sérstökum tilfellum, t.d. um sáraumbúðir fyrir mjög alvarleg brunasár.

**4. Ofnæmisvaldandi íblöndunarefni**

Varan skal ekki innihalda viðbætt náttúrulegt gúmmílatex. Hinsvegar á þetta skilyrði eins og stendur ekki við um sáraumbúðir með límlagi.

**5. Lanólín**

Varan skal ekki innihalda viðbætt lanólín (CAS nr. 8006-54-0).

**6. Rósín (colophony)**

Vara skal ekki innihalda viðbætt rósín (colophony) (CAS nr. 8050-09-7, 8052-10-6 eða 73138-82-6) í sáraumbúðum með límlagi.

**7. Umbúðir**

Umbúðir (að merkingum meðtöldum) skulu ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða

plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna.

## 8. Umbúðir úr sellulósa

Pappír og pappi í umbúðum skal vera óbleiktur eða bleiktur án klórs, þ.e. með aðferðum TCF eða ECF. Losun AOX má ekki fara yfir 0,25 kg/tonn af pappírsmassa. ( ECF = bleikt með klórdíoxíð; TCF = bleikt án efna sem innihalda klór; AOX = losun áseygra, lífrænna halógensambanda í framleiðsluferlinu).

## MATSVIÐMIÐ

### 1. Meðhöndlun úrgangs

Seljendur skulu leggja fram upplýsingar um ráðlagða meðhöndlun úrgangs á vörunni.

### 2. Íblöndunarefni í vörunni

Í vörunni má að hámarki vera 1% efna sem eru flokkuð sem ofnæmisvaldandi ( H42 og/eða H43) samkvæmt viðmiðum um flokkun og merkingu (tilskipun 67/548/EEC).

### 3. Formaldehýð í sáraumbúðum úr textílefni

Magn óbundins formaldehýðs eða formaldehýð sem er vatnsrjúfanlegt að hluta skal ekki fara yfir 30 ppm ef um ræðir vörur sem komast í snertingu við húð.

### 4. Efni notað í lok á umbúðum

Innihaldsefni í lokun á umbúðunum (límbönd, límkennd efni o.s.frv.) má ekki innihalda meira en 1% af náttúrulegu gúmmílatexi.

## STAÐFESTING LÁGMARKSSKILYRÐA OG MATSVIÐMIÐA

Staðfestingu/vottorð má útbúa á mismunandi hátt og verða þau að vera rekjanlega til vöruinnkaupa. Öruggasti og áreiðanlegasti hátturinn er staðfesting þriðja aðila, t.d. umhverfismerki í samræmi við ISO 14024 eða umhverfisvörulýsing (EPD) í samræmi við ISO 14025.

Staðfesting getur einnig falist í eigin yfirlýsingu um gæða –eða umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14021.